

# Orðflokkar

Fallorð

# Fallbeyging

Í íslensku breytast orð með hljóðbreytingum eða beygingarendingum

- Hljóðbreyting: mann - menn
- Beygingarending breytist: hestur - hesti
- Fallorð breytast bæði með hljóðbreytingum og beygingarendingum þegar þau fallbeygjast
- Föll í íslensku eru fjögur:
  - Nefnifall **nf**
  - Þolfall **þf**
  - Þágufall **þgf**
  - Eignarfall **ef**

Svona fallbeygjum við:

- Nefnifall **nf**: Hér er
- Þolfall **þf**: um
- Þágufall **þgf**: frá
- Eignarfall **ef**: til

*Þú verður að læra nöfn fallanna, hvernig þau eru skammstöfuð, í hvaða röð þau eru og að fallbeygja.*

Dæmi:

*Hér er hestur*

*um hest*

*frá hesti*

*til hests*

# Aðalfall og aukaföll

## Aðalfall

- Nefnifallið **nf** er aðalfall. Fallorð vilja vera í nefnifalli og eru bara í öðrum föllum ef önnur orð hafa haft áhrif á þau.
- Orð sem taka með sér fallorð í nefnifalli eru kölluð **áhrifslaus**.

## Dæmi:

Ég heiti Guðmundur.

Þarna er orðið Guðmundur í nefnifalli **nf** og sama hvaða nafn kæmi í stað þess, þá væri það í nefnifalli **nf**. Orðið heiti er því áhrifslaut

## Aukaföll

- Þolfall **þf**, þágufall **þgf** og eignarfall **ef**.
- Orð sem taka með sér fallorð í aukafalli eru kölluð **fallvaldar**.
- Fallvaldarnir **um**, **frá** og **til**, sem við notum til að finna aukaföllin eru forsetningar (fs).

## Dæmi:

Ég tala **um** Guðmund

Ég **gef** Guðmundi hest

Feitletruðu orðin um og gef taka með sér aukafall og eru fallvaldar.

# Greiningaratriði fallorða - kyn, tala og fall.

- Kyn í íslensku máli eru þrjú: Karlkyn **kk**, kvenkyn **kvk** og hvorugkyn **hk**.
  - Við finnum kyn með því að athuga hvort við segjum hann **kk**, hún **kvk** eða það **hk** um viðkomandi orð, eða minn **kk**, mín **kvk** eða mitt **hk**.
- Tölur í íslensku eru tvær: Eintala **et** og fleirtala **ft**.
  - Við finnum tölu orða með því að athuga hvort við notum hann **et** eða þeir **ft**, hún **et** eða þær **ft** eða það **et** eða þau **ft** um orðið.
  - Sum orð í íslensku eru bara til í eintölu **et**, t.d. hveiti og fólk, en önnur orð eru bara til í fleirtölu **ft**, t.d. buxur og skæri.
- Föll í íslensku eru fjögur: Nefnifall **nf**, þolfall **þf**, þágufall **þgf** og eignarfall **ef**.
  - Við notum hér er, um, frá og til, til að finna föllin.
  - Oft eru orð eins í fleiri en einu falli. Þá prófum við að setja orðin Guðmundur eða hestur í staðinn til að sjá fallið.
  - Dæmi: Ég hitti konu (eins í **þf**, **þgf** og **ef**) - Ég hitti Guðmund (**þf**). Þá vitum við að konu er þarna í þolfalli **þf**.

# Sambeyging fallorða

- Fallorð sem standa saman eru í sama kyni, tölu og falli
  - Dæmi:

<i>Fornafn</i>	<i>Sagnorð</i>	<i>Fornafn</i>	<i>Töluorð</i>	<i>Lýsingarorð</i>	<i>Nafnorð</i>
Ég	braut	<b>þessa</b>	<b>þrjá</b>	<b>fallegu</b>	<b>vasa</b>

Hér eru þessir  
um **þessa**  
frá þessum  
til þessara

Hér eru þrír  
um **þrjá**  
frá þremur  
til þriggja

Hér eru fallegu  
um **fallegu**  
frá fallegu  
til fallegu

Hér eru vasar  
um **vasa**  
frá vösum  
til vasa

- Þessi fjögur orð standa því öll í karlkyni, fleirtölu, þolfalli (kk, ft, þf)
- Ef það er erfitt að finna kyn, tölu eða fall á orði er því hægt að athuga í hvaða kyni, tölu eða falli orðin sem það stendur með eru

# Veik og sterk beyging

## Veik beyging

Veik beyging er líka kölluð regluleg beyging. Í veikri beygingu eru orðin eins í aukaföllum og enda á sérhljóði í eignarfalli **ef**.

### Dæmi:

**nf** *Hér er stúlka*

**þf** *um stúlku*

**þgf** *frá stúlku*

**ef** *til stúlku*

## Sterk beyging

Sterk beyging er líka kölluð óregluleg beyging. Í sterkri beygingu eru orðin ekki eins í aukaföllum og enda á samhljóða í eignarfalli **ef**.

### Dæmi:

**nf** *Hér er vinur*

**þf** *um vin*

**þgf** *frá vini*

**ef** *til vinar*

# Fallorðaflokkarnir

Fallorðaflokkarnir eru fimm (eins og fingur annarrar handar)


Nafnorð **no**

Lýsingarorð **lo**

Töluorð **to**

Greinir **gr**

Fornöfn **fn**



# Nafnorð **no**

- Nafnorð bæta við sig greini
- Við bætum greini við nafnorð með því að nota minn, mín eða mitt
  - Dæmi: Hnífur - hnífurinn *minn*, bók - bókin *mín*, borð - borðið *mitt*
- Nafnorð skiptast í sérnöfn og samnöfn
  - Sérnöfn eru nöfn ákveðins fólks, fyrirtækja, stofnana eða annars
    - Dæmi: Guðmundur, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Höldur
    - Sérnöfn eru alltaf skrifuð með stórum staf
  - Samnöfn eru heiti á hlutum, tilfinningum, hugtökum eða öðru
    - Dæmi: stóll, ást, desember, hiti
    - Samnöfn eru skrifuð með litlum staf nema á eftir punkti .
- Ákveðin og óákveðin nafnorð: Öll sérnöfn og samnöfn með greini eru ákveðin.



# Lýsingarorð **lo**

- Lýsingarorð stigbreytast.
- Stig lýsingarorða eru þrjú: Frumstig **fst**, miðstig **mst** og efstastig **est**
- Dæmi: falleg **fst** - falgri **mst** - falgust **est**, hraður - hraðari - hraðastur
- Lýsingarorð eru **ákveðisorð**, þau segja nánar til um önnur fallorð - lýsa þeim.
- Lýsingarorð sem lýsa ákveðnu nafnorði verður einnig ákveðin
- Veik og sterk beyging: Ákveðin lýsingarorð beygjast veikt (enda á sérhljóði í eignarfalli ef og eru eins í öllum aukaföllum) en óákveðin lýsingarorð beygjast sterkt (enda á samhljóða í eignarfalli ef og eru ekki eins í aukaföllunum).

## **Ákveðin beyging:**

Hér er fallega konan  
um fallegu konuna  
frá fallegu konunni  
til fallegu konunnar

## **Óákveðin beyging:**

Hér er falleg kona  
um fallega konu  
frá falgri konu  
til falgri konu

# Töluorð **to**

- Töluorð eru einu orðin sem hægt er að skrifa með tölustöfum
- Töluorð skiptast í **frumtölur** og **raðtölur**
  - **Frumtölur** tákna fjölda
    - **Dæmi:** einn, tveir, tuttugu og sjö, hundraðáttatíu og níu, fjörutíu og tveir
  - **Raðtölur** tákna röð
    - **Dæmi:** fyrsti, annar, tuttugasti og sjöundi, hundraðáttugasti og níundi, fertugasti og annar
    - Ef raðtala er skrifuð með tölustöfum er settur punktur á eftir: 1. 2. 27. 189. 42.
- Ef tala getur bætt við sig greini þá er hún ekki töluorð **to** heldur nafnorð **no**
  - **Dæmi:** Hingað komu hundruð manna - hundruðin *mín*

# Greinir gr

- Greinir **gr** sem bætist aftan á nafnorð **no** er ekki greindur sér, heldur er sagt að nafnorðið sé **ákveðið**.
  - **Dæmi:** Maðurinn, Mennirnir, gatan, göturnar, húsið, húsin
- Lausi greinirinn eru orðin *hinn **kk***, *hin **kvk*** og *hið **hk***
- Lausi greinirinn kemur bara fyrir á undan lýsingarorði **lo** og nafnorði **no**
  - **Dæmi:** *Hin* góða kona, *hið* stóra vandamál, *hinn* bratti stígur
- Lausi greinirinn fallbeygist svona:

## **kk et**

Hér er *hinn*  
um *hinn*  
frá *hinum*  
til *hins*

## **kk ft**

Hér eru *hinir*  
um *hina*  
frá *hinum*  
til *hinna*

## **kvk et**

Hér er *hin*  
um *hina*  
frá *hinni*  
til *hinnar*

## **kvk ft**

Hér eru *hinar*  
um *hinar*  
frá *hinum*  
til *hinna*

## **hk et**

Hér er *hið*  
um *hitt*  
frá *hinu*  
til *hins*

## **hk ft**

Hér eru *hin*  
um *hin*  
frá *hinum*  
til *hinna*

# Fornöfn **fn**

- Fornöfn eru fallorð sem bæta ekki við sig greini, stigbreytast ekki, eru ekki tölur og ekki greinir
- Fornöfn standa með eða í staðinn fyrir nafnorð no
- Dæmi: Hver kom inn? Þessi kind er brjáluð. Hann er æðislegur
- Fornöfn hafa kyn, tölu og fall eins og önnur fallorð.



# Fornöfn fn - undirflokkar

**Ábendingarfornöfn:** Sá, þessi og hinn

**Spurnarfornöfn:** Hvor, hvaða og hvílíkur

**Afturbeygt fornafn:** Sig

**Persónufornöfn:** Ég, þú, hann, hún, hán, það

**Eignarfornöfn:** Minn, þinn, sinn og vor

## Óákveðin fornöfn:

Til er vísa með óákveðnum fornöfnum:

*Annar, fáeinir, enginn, neinn,*

*ýmis, báðir, sérhver,*

*hvorugur, sumur, hver og einn,*

*hvor og nokkur, einhver.*

Auk þeirra:

*Allur, annar hvor, annar hver, annar tveggja, hvor tveggja, samur, sjálfur, slíkur og þvílíkur.*